

4. Salt, kol, sement og aðrar byggingarvörur en timbur: 1.50 kr. á hver 100 kg. **263**
5. Timbur, unnið og óunnið: 0.30 kr. á hvert teningsfet. **8. des.**
6. Tómar tunnur: 1.00 kr. á tunnu.
7. Olía, benzín og þess háttar: 15.00 kr. á hverja smálest.
8. Sauðfé: 1.00 kr. á kind.
9. Stórgripir: 5.00 kr. á grip.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1950.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

264
8. des.

um breyting á hafnarreglugerð Sauðárkróks, nr. 67 14. maí 1949.

1. gr.

Vörugjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu framvegis hækka um 40%.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1950.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

265
8. des.

fyrir Hellnahöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hellnahöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin að vestan úr svonefndri Digruklöpp í Búðaklett, og að norðan úr Bólhól í Gölt, þar til er hún sker hina fyrrnefndu línu.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd kýs 3 menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn, og skal einn þeirra vera hreppsnefndarmaður og formaður nefndarinnar.

- 265** Hafnarnefnd skal ætíð kjósa að afstöðnum hreppsnefndarkosningum.
8. des. Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt, og sér um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, bæði bátagjöldum og vörugjaldi, gegn þeirri greiðslu, er um semur við hreppsnefnd.
- Hafnarnefnd ber að sjá um reikningsskil fyrir hafnarsjóð og stjórnar honum undir eftirliti hreppsnefndar.
- Hafnarsjóði skal eingöngu varið til umbóta og til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina eru eða verða gerð, svo sem viðhald þeirra og umbætur.
- Hreppsnefnd veitir fé úr hreppssjóði til verklegra framkvæmda í samráði við hafnarnefnd.
- Hreppsnefnd ákveður, að fengnum tillögum hafnarnefndar, hvernig ávaxta skuli fé hafnarsjóðs og ber ábyrgð á innstæðu og reikningsskilum eins og öðrum eignum hreppsins.
- Hafnarreikningur skal fylgja hreppsreikningi ár hvert og úrskurðast ásamt honum.
- Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur og stjórnar öllum framkvæmdum.

III. KAFLI

Almennar reglur.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Skytt er að hlýða boði hennar. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært fyrir lögreglustjóra, en skipun hafnarnefndar ber að hlýða tafarlaust, og varðar sektum, ef frá því er vikið.

4. gr.

Skytt er að gæta varúðar um allt það, er tjóni getur valdið. Ekki má skjóta eða bera skotvopn á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar.

5. gr.

Hafnarnefnd ber að gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

6. gr.

Heimilt skal bátum að leggjast að bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þeir koma að, en skytt er þeim að fara frá bryggju, er þeir hafa lokið erindi sínu, ef aðrir þurfa að komast að, og sama gildir um upp- og útskipun á vörum.

V. KAFLI

Um hafnargjald.

7. gr.

Fyrir uppskipunarskip skal árlega greiða kr. 25.00.

8. gr.

Vörugjald.

Af vörum þeim, sem fluttar eru í land eða skipað út innan takmarka hafnarinnar, sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða gjöld sem hér segir:

1. Af kolum, salti, sementi og útlendum áburði kr. 4.00 fyrir hverja smálest. **265**
2. Eigendur fiskibáta, sem aðsetur hafa á Hellnum, skulu greiða minnsta gjald 8. des. kr. 50.00.
3. Af óverkuðum saltfiski kr. 4.00, og þurrum fiskbeinum og verkuðum saltfiski kr. 5.00 fyrir smálest.
4. Af heilfötum (olíufötum) kr. 1.00, af hálfötum og tómum tunnum kr. 0.50.
5. Af kjöttunnum heilum kr. 1.00, af hálfum og tómum kr. 0.50, af trjávið alls konar kr. 0.15 hvert teningsfet.
6. Af bátum kr. 10.00. Af lifandi gripum kr. 15.00.
Af öllum öðrum vörum greiðist kr. 0.60 fyrir hver 100 kg.
Póst- og farþegaflutningur er undanskilinn gjaldi þessu, einnig vistir og aðrar nauðsynjar, fluttar úr landi til skipa og báta, sem liggja á höfn og nota til eigin þarfa.
Gjald skal ákveðið eftir farmskrám skipa og hefur hafnarnefnd heimilan aðgang að þeim þegar hún vill.

VI. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

10. gr.

Um skaðabótaskyldu út af skemmdum á höfninni eða mannvirkjum hennar fer eftir almennum lagareglum.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum.

Sektarféð rennur í hafnarsjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1950.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þuríðar Pétursdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. des. 1950. **266**
11. des.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Þuríðar Pétursdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Þuríði Pétursdóttur, af eftirlifandi manni hennar, Sigurði Árnasyni, og börnum þeirra.